

SÍA samband íslenskra auglýsingastofa
society of icelandic advertising agencies

Reykjavík, 3. desember 2006

Frumvarp til laga um Ríkisútvarpið ohf – þingskjal nr. 56, 2006

Umsögn frá Sambandi íslenskra auglýsingastofa.

Þessi umsögn SÍA er almenns eðlis, gerðar eru eftirfarandi athugasemdir sem snerta stöðu Ríkisútvarps á auglýsingamarkaði.

Í ljósi umræðna undanfarið um stöðu Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði í tengslum við frumvarp á alþingi um ný lög um Ríkisútvarpið vill félagsfundur SÍA, haldinn 29. nóvember 2006, leggja áherslu á eftirfarandi atriði:

Félagsfundur SÍA lýsir miklum efasemdum á þeirri skoðun að takmarka beri aðgang RÚV að auglýsingamarkaði. Ástæða þess er sú að RÚV er öflugur fjölmiðill sem höfðar til stórs hóps neytenda með dagskrá sinni í útvarpi og sjónvarpi. Á meðan svo er málum komið, er það algjörlega andstætt hagsmunum neytenda og auglýsenda að ekki sé möguleiki að auglýsa í Ríkisútvarpinu. Í nútíma upplýsingaþjóðfélagi er það réttur hvers fjölmiðils að eiga kost á að birta neytendum auglýsingar, óháð því hver eignasamsetning miðilsins er. Slíkt er sjálfsögð þjónusta við neytendur, að þeir eigi kost á sem breiðustu upplýsingamagni í þeim miðli sem þeir nota. Lítil sem engin umræða hefur verið um hver yrði staða neytenda ef RÚV hverfur af auglýsingamarkaði. Félagsfundur SÍA telur hins vegar að þetta sé mjög mikilvægt atriði sem ekki megi verða út undan í þeirri umræðu sem nú fer fram um stöðu RÚV.

Félagsfundur SÍA tekur ekki afstöðu til þess hvort rétt eða rangt sé að hið opinbera standi í rekstri fjölmiðla sem reknir eru að hluta til með auglýsingafé. Ljóst er að með núverandi fyrirkomulagi ríkir ákveðið ójafnvægi í samkeppnisstöðu milli Ríkisútvarpsins og einkarekinna ljósvakamiðla hvað tekjuöflun varðar. Hér er hins vegar bent á þær aðstæður sem koma upp ef aðgangur RÚV að auglýsingamarkaði er takmarkaður að nokkru eða öllu leyti. Aðgangur auglýsenda að stórum hópi landsmanna takmarkast þá mjög og aðgangur almennings að nauðsynlegum upplýsingum verður þar af leiðandi takmarkaðri. Þá er ekki ólíklegt að minni samkeppni á auglýsingamarkaði geti leitt til fákeppni og til hækkunar á auglýsingaverði sem aftur geti leitt til hækkunar vöruverðs.

Í þessu ljósi skal bent á að það finnast nánast engin fordæmi þess að svo stór fjölmiðill sem RÚV er hafi horfið af auglýsingamarkaði. Ríkisrekna stöðvar um allan heim hafa yfirleitt verið rekna með eða án auglýsingatekna frá upphafi starfsemi sinnar, því er engin reynsla sem hægt er að vísa til með þá stöðu sem kæmi upp ef RÚV hyrfi af auglýsingamarkaði.

Hlutverk auglýsinga er fyrst og fremst að veita upplýsingaveita; að veita upplýsingum til neytenda, hvort sem um er að ræða skilaboð um verð og gæði vöru og þjónustu eða almennar upplýsingar sem snerta beint bættan hag almennings og almannaheill. Þær eru því mikilvægur hluti nútímasamfélags.

Brotthvarf RÚV af auglýsingamarkaði eða skertur aðgangur myndi almennt séð skerða þessa sjálfsögðu þjónustu, bæði við almenning og auglýsendur. Því er það skoðun félagsfundar SÍA að hagsmunum auglýsenda og almennings sé betur fyrir komið með óheftu leyfi miðla til birtinga auglýsinga, þar með talið RÚV.